



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

## *Umsögn endurskoðunarnefndar varðandi ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025*

### *Inngangur*

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar (nefndin) hefur þrjú meginviðfangsefni sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti með:

- vinnuferli við gerð reikningsskila.
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- störfum ytri endurskoðenda.

Auk þessara viðfangsefna eru nefndinni ætluð þau verkefni að:

- meta óhæði ytri endurskoðenda og hafa eftirlit með störfum þeirra.
- setja fram tillögu um val á ytri endurskoðendum og gera umsögn um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar um umsækjendur um starf innri endurskoðanda.

Viðfangsefni nefndarinnar lúta þannig að málum er varða gerð og framsetningu fjárhagsupplýsinga til borgarstjórnar.

### *Um ársreikning 2025*

Vinna endurskoðunarnefndar vegna eftirlits við gerð og endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hófst í nóvember 2025 með því að nefndin fundaði með ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar, Grant Thornton endurskoðun ehf. (GT), þar sem farið var yfir endurskoðunaráætlun þeirra.

Nefndin gerði ytri endurskoðendum grein fyrir því sem hún metur helstu áhersluatriði og áhættuþætti í reikningsskilum Reykjavíkurborgar og eru nefndin og ytri endurskoðendur sammála um þessi atriði en þau eru tíunduð í endurskoðunarskýrslu GT.

Á því tímabili sem unnið hefur verið að endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hefur nefndin átt marga fundi og önnur samskipti við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar. Ytri endurskoðendur komu á fund endurskoðunarnefndar þann 17. apríl 2026 þar sem þeir kynntu drög að endurskoðunarskýrslu og helstu niðurstöður vinnu sinnar.

Nefndin átti einnig nokkra fundi með starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar (FAS) meðan unnið var að gerð ársreikningsins og fékk nefndin kynningu sviðsins á drögum að ársreikningi 2025 og greinargerðum með ársreikningi á fundi þann 9. apríl sl. Þá sat formaður endurskoðunarnefndar fund borgarráðs þann 15. apríl sl. þar sem fram fór kynning á drögum að ársreikningi borgarinnar fyrir árið 2025.



Í greinargerðum fagsviða og sjóða A-hluta og skýrslu FAS er ítarleg umfjöllun um ársreikninginn. Þar koma fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem nefndin vekur athygli á.

Ársreikningar og endurskoðunarskýrslur allra B-hluta félaganna hafa verið yfirfarnar af hálfu nefndarinnar og skilað hefur verið skriflegri umsögn um flesta þeirra til stjórnna félaganna. Einnig fundaði nefndin sérstaklega með stjórnendum og ytri endurskoðendum við lok endurskoðunar, auk þess sem fundað var með stjórnnum flestra félaganna þar sem farið var yfir umsagnir.

Nefndin hefur átt gott samstarf við þá stjórnendur sem koma að ársreikningsgerð Reykjavíkurborgar og gerð ársreikninga B-hluta félaganna og jafnframt hefur samstarf við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar gengið vel.

Það er meðal reglubundinna verkefna nefndarinnar að fylgjast með því með hvaða hætti stjórnendur bregðast við ábendingum innri og ytri endurskoðenda. Nefndin leggur áherslu á að brugðist sé við öllum ábendingum sem fram koma í skýrslu endurskoðenda, en stundum er misbrestur á því. Nefndin fylgist einnig með framgangi vinnu vegna ábendinga ytri endurskoðenda með því að kalla formlega eftir skriflegum svörum og viðbrögðum stjórnenda í september ár hvert.

Mikil hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu 2025 vakti sérstaka athygli nefndarinnar, en hækkun skuldbindingarinnar er um 9,9 ma.kr. sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi ársins 2025. Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun var hækkunin áætluð 6,7 ma.kr. Í ársreikningi 2024 var um að ræða lækkun lífeyrisskuldbindingar um 0,8 ma.kr. sem var tekjufærð í rekstrarreikningi þess árs. Nefndin fékk ítarlega kynningu frá FAS á forsendum og útreikningi lífeyrisskuldbindingar borgarinnar á fundinum þann 9. apríl sl. Þar kom fram að erfitt sé að áætla fjárhæð lífeyrisskuldbindingar í lok hvers reikningsárs þar sem forsendur til útreiknings hennar liggja ekki fyrir fyrr en í upphafi næsta reikningsárs.

Eftir framlagningu og kynningu á drögum ársreiknings 2025 á fundi borgarráðs þann 15. apríl sl. komu fram athugasemdir frá ytri endurskoðendum vegna óbókfærðrar skuldar og ofmats virðis fastafjármuna. Eftir yfirferð FAS á athugasemdum endurskoðendanna var ákveðið að leiðrétta áður framlögð drög ársreikningsins. Þær leiðréttingar sem voru gerðar eru eftirfarandi:

- Gjaldfærsla vegna óbókfærðrar skuldar nemur 450 mkr. vegna kröfu Nýja Landspítalans á grundvelli samnings um byggingu bílastæðahúss. FAS var ekki upplýst um þessa skuld þrátt fyrir að upplýsingar um hana lægju fyrir hjá borgarlögmanni í heilt ár. Endurskoðunarnefndin leggur áherslu á að upplýsingum sem fyrir liggja innan borgarinnar og varða gerð reikningsskila sé komið á framfæri við FAS þannig að hægt sé að leggja mat á og taka tillit til þeirra við gerð árs- og árshlutareikninga.
- Við endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna var það mat ytri endurskoðenda að um væri að ræða verulegt ofmat á eign á leikskólanum Brákarborg, þrátt fyrir að eignin hefði áður hefði verið færð niður vegna ofmats. FAS leitaði ráðgjafar sérfræðings vegna athugasemda ytri endurskoðendanna og í framhaldi af því var ákveðin viðbótarniðurfærsla að fjárhæð 435 mkr. Að mati nefndarinnar er afar óheppilegt að ekki hafi verið fyrir í uppgjörsferlinu farið í ítarlega yfirferð á bókfærðu verði og matsverði þessarar eignar eins og endurskoðunarnefndin hefur lagt áherslu á. Legið hefur fyrir að framkvæmdakostnaður við eignina hefur farið langt fram úr upphaflegum áætlunum um langt skeið.



Reykjavíkurborg  
Endurskoðunarnefnd

Í drögum að áritun óháðra endurskoðenda á ársreikning 2025 kemur fram það álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu borgarinnar 31. desember 2025 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu af hálfu borgarstjórnar.

Virðingarfyllt,  
f.h. endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður